

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð  
**Efni:** Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2023  
**Dags:** 22. maí 2023  
**Málsnúmer:** 202206736/2.5  
**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2023. Heildaráhrif viðaukans eru þau að handbært fé eykst um 65,5 m.kr. rekstrarniðurstaða hækkar um 148,5 m.kr. og fjárfestingar hækka um 83,0 m.kr.

### Sundurliðun viðauka:

#### 1. Framlög Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðs fólks - 202211145

Lagt er til að áætluð framlög frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks hækki um 187 m.kr. til samræmis við uppfærða áætlun frá sjóðnum. Einnig er lagt til að áætlaður rekstrarkostnaður velferðarsviðs hækki um 146,7 m.kr. Breytingin bætir rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild		Fjárhæð	
00110	Framlög úr Jöfnunarsjóði - málefni fatlaðra	Hækkun tekna	187.000.000
02500	Málefni fatlaðra - vistun	Hækkun rekstrarkostnaðar	-62.000.000
02500	Málefni fatlaðra - Skálatún	Hækkun rekstrarkostnaðar	-55.000.000
02500	Málefni fatlaðra - launakostnaður	Hækkun launakostnaðar	-7.000.000
02520	NPA samningar	Hækkun rekstrarkostnaðar	-22.700.000
	Hækkun á handbæru fé	Samtals	<b>40.300.000</b>

### Greinargerð:

Tillagan byggir á uppfærðri úthlutunaráætlun Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra sem byggir á auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sem er tilkomin vegna samkomulags milli ríkisins og sveitarfélaganna um að ríkið veiti meira fjármagni til Jöfnunarsjóðs vegna málaflokksins. Að auki er lagt til að aukið fjármagn vegna tímabundinnar aukinnar þjónustuparfar vegna vistunar, hækkun á framlögum vegna íbúa Skálatúns í samræmi við úthlutunarviðmið, aukinn stjórnunarkostnað og leiðréttingu áætlaðs kostnaðar vegna NPA samninga í samræmi við samþykktir.

#### 2. Framlög Jöfnunarsjóðs vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna

Lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun hvað varðar framlög frá Jöfnunarsjóði til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Með breytingunni verða tekjurnar áætlaðar meðal skatttekna og áætlaðar tekjur á fræðslu- og velferðarsviði lækkaðar. Lækkun tekjuáætlunar er fjármögnuð með lækkun á handbæru fé.

Deild		Fjárhæð	
00110	Framlög úr Jöfnunarsjóði - sérstök framlög	Hækkun tekna	33.600.000
02020	Skrifstofa velferðarsviðs	Lækkun tekna	-15.200.000
04020	Skrifstofa fræðsluviðs	Lækkun tekna	-42.400.000
	Lækkun á handbæru fé	Samtals	<b>-24.000.000</b>

**Greinargerð:**

Framlög frá Jöfnunarsjóði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna voru áætluð til tekna á skrifstofur fræðslu- og velferðarsviðs en eiga að færast til tekna á deild „00110 Framlög frá Jöfnunarsjóði“. Skrifstofur fræðslu- og velferðarsviðs fengu í fjárhagsáætlun ársins heimild til samsvarandi útgjalda vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs frá í febrúar sl. verða framlög til Mosfellsbæjar 33,6 m.kr. Áhrif breytinganna eru þær að rekstrarniðurstaða lækkar um 24 m.kr.

**3. Samræmd móttaka flóttafólks – 202208758**

Lagt er til að áætlaður launakostnaður vegna samræmdrar móttöku flóttafólks verði 8 m.kr. og að áætlaðar verði tekjur að sömu fjárhæð vegna samnings við ríkið. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði.

Deild		Fjárhæð	
02170	Móttaka flóttafólks	Hækkun tekna	8.000.000
02170	Móttaka flóttafólks	Hækkun launakostnaðar	-8.000.000
		Samtals	<b>0</b>

**Greinargerð:**

Á 1571. fundi bæjarráðs var samþykkt að ganga til samninga við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks. Í samræmi við minnisblað er gert ráð fyrir að samningsbundnar greiðslur við ríkið dugi fyrir launakostnaði yfir samningstímann. Vegna óvissu með það hvernig greiðslur frá ríki skiptast á milli ára er lagt til að tekjur og gjöld séu áætlaðar þær sömu.

**4. Framlög Jöfnunarsjóðs vegna almenns grunnskólaframlags**

Lagt er til að áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna almenns grunnskólaframlags verði hækkaðar um 195 m.kr. í samræmi við uppfærða áætlun Jöfnunarsjóðs og upplýsinga um leiðréttingu vegna framlaga fyrri ára. Breytingin bætir rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild		Fjárhæð		
00110	Framlög úr Jöfnunarsjóði - grunnskólaframlög	Hækkun skatttekna	195.000.000	
		Hækkun á handbæru fé	Samtals	<b>195.000.000</b>

**Greinargerð:**

Í uppfærðri áætlun Jöfnunarsjóðs um úthlutun almennra grunnskólaframlaga er gert ráð fyrir að Mosfellsbær fái 742 m.kr. framlag á árinu sem er 21 m.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Jöfnunarsjóður hefur upplýst að fundist hafi skekkja í reiknilíkani almenns grunnskólaframlags vegna árána 2015-2019. Skekkjan leiddi til þess að framlög til Mosfellsbæjar voru 216 m.kr. lægri en þau áttu að vera. Jöfnunarsjóður greiðir Mosfellsbæ mismuninn í fjórum greiðslum á árinu.

**5. Starfsemi Hlégarðs – 202301430 og 202301450**

Lagt er til að áætlaður rekstrarkostnaður á vegna Hlégarðs verði 6 m.kr. og að jafnframt verði áætlaðar 6 m.kr. tekjur. Þá er lagt til að áætlaður launakostnaður verði 6,8 m.kr. Fjármagnað með lækkun á handbæru fé.

Deild		Fjárhæð		
05960	Starfsemi Hlégarðs	Hækkun rekstrarkostnaðar	-6.000.000	
05960	Starfsemi Hlégarðs	Hækkun rekstrartekna	6.000.000	
05960	Starfsemi Hlégarðs	Hækkun launakostnaðar	-6.800.000	
		Lækkun á handbæru fé	Samtals	<b>-6.800.000</b>

**Greingargerð:**

Á 1565. fundi bæjarráðs var samþykkt að verja allt að 6 m.kr. til kaupa á búnaði vegna starfsemi Hlégarðs og utanumhalds vegna undirbúnings og framkvæmd viðburða í Hlégarði. Á móti þessum útgjöldum verður aflað leigutekna á grundvelli gjaldskrár sem samþykkt var á 1576. fundi bæjarráðs. Í ljósi framanritaðs var stofnuð fjárhagsdeildin „05960 Starfsemi Hlégarðs“. Á 1576. fundi bæjarráðs var samþykkt tillaga um tímabundna ráðningu viðburðastjóra og er hér lagt til að launakostnaður á deild 05960 Starfsemi Hlégarðs verði hækkuð í samræmi við samþykktina.

**6. Snjómokstur og hálkueyðing**

Lagt er til að áætlaður kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar sé hækkaður um 21 m.kr. Fjármagnað með lækkun á handbæru fé.

Deild		Fjárhæð
10610	Snjómokstur og hálkueyðing	Hækkun rekstrarkostnaðar
	Lækkun á handbæru fé	Samtals
		<b>-21.000.000</b>

**Greinargerð:**

Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir að kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar verði 46 m.kr. og að þar af falli 33 m.kr. til á fyrri helmingi ársins. Á fyrri helmingi ársins var kostnaður 54 m.kr. og er því lagt til að fjárhagsáætlun verði hækkuð um 21 m.kr. til að næg fjárheimild sé til þess að mæta þeim kostnaði sem áætlaður er á seinni helmingi ársins eða sem nemur 13 m.kr.

**7. Leikskólar - fyrirkomulag haustið 2023 - 202303054**

Lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun vegna þjónustusamnings um leikskólavist allt að 50 barna frá 1. ágúst 2023 sem eykur rekstrarkostnað um 23,7 m.kr. Fjármagnað með lækkun á handbæru fé.

Deild		Fjárhæð
04020	Skrifstofa fræðsluviðs - laun leikskóla	Lækkun launakostnaðar
04190	Leikskólavistun einkarekinna leikskóla	Hækkun rekstrarkostnaðar
	Lækkun á handbæru fé	Samtals
		<b>-24.000.000</b>

**Greinargerð:**

Á 1573. fundi bæjarráðs var staðfestur þjónustusamningur um leikskólavist allt að 50 barna frá 1. ágúst 2023. Jafnframt var samþykkt að gerður yrði viðauki við fjárhagsáætlun vegna viðbótar fjármagns vegna samningsins. Áætlaður kostnaður vegna samningsins er 84 m.kr. en áður var búið að áætla fyrir 60 m.kr. launakostnaði miðlægt á skrifstofu fræðsluvið svo með þessum viðauka eykst kostnaður um samtals 24 m.kr.

**8. Húsbyggingarsjóður Landsamtakanna Þroskahjálpar - 202002120**

Lagt er til að fjárfestingaáætlun B hluta fyrirtækisins Félagslegar íbúðir verði hækkuð um 22 m.kr. sem fjármagnað er með lækkun á handbæru fé.

Deild		Fjárhæð
Fjárf.	Fjárfestingaáætlun Félagslegra íbúða, B hluti	Hækkun fjárfestingaáætlunar
	Lækkun á handbæru fé	Samtals
		<b>-22.000.000</b>

**Greinargerð:**

Á 1579. fundi bæjarráðs var samþykkt umsókn Húsbyggingarsjóðs Þroskahjálpar um stofnframlag til byggingar búsetukjarna sem hækkar áætlaðar fjárfestingar B hluta fyrirtækisins Félagslegar íbúðir um 22 m.kr. eða úr 135 m.kr. í 157 m.kr.

### 9. Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu - 202101312

Lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun vegna kostnaðar við innleiðingu hringrásarhagkerfis þannig að rekstrarkostnaður ársins hækki um 11 m.kr. og að fjárfestingar í nýjum ílátum til sorphirðu verði áætlaðar 61 m.kr. Fjármagnað með 72 m.kr. lækkun á handbæru fé.

Deild		Fjárhæð	
08210	Sorphreinsun	Hækkun rekstrarkostnaðar	-11.000.000
Fjárf	Sorphreinsun	Sorpílát	-61.000.000
	Lækkun á handbæru fé	Samtals	<b>-72.000.000</b>

#### Greinargerð:

Á 1574. fundi bæjarráðs var samþykktur 72 m.kr. kostnaður við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við fyrirliggjandi tillögu. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 ber sveitarfélögum að innheimta gjöld í samræmi við kostnað. Í ljósi þess er gert ráð fyrir að gjaldskrá vegna sorphirðugjalds verði aðlöguð að raunkostnaði yfir tímabil innleiðingar til að mæta útgjöldunum.

### 10. Leiðréttingar innan fjárhagsáætlunar

Lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun innan málaflokks 03 Heilbrigðiseftirlit þar sem fjárhæðir víxluðust á milli tekna og gjalda við gerð fyrstu fjárhagsáætlunar nýs heilbrigðiseftirlits. Jafnframt er lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun innan málaflokks 08 Hreinlætismál þar sem fjárhæðir víxluðust á milli deilda. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði.

Deild		Fjárhæð	
03220	Heilbrigðiseftirlit - tekjur	Áætlun tekna færð út	23.448.159
03220	Heilbrigðiseftirlit - hlutdeild í kostnaði	Áætlun kostnaðar færð út	-11.641.191
03220	Heilbrigðiseftirlit - tekjur	Réttar tekjur áætlaðar	16.499.375
03220	Heilbrigðiseftirlit - hlutdeild í kostnaði	Réttur kostnaður áætlaður	-28.306.343
		Samtals	<b>0</b>

Deild		Fjárhæð	
08210	Sorphreinsun	Hækkun rekstrarkostnaðar	-15.000.000
08230	Sorpeyðing	Lækkun rekstrarkostnaðar	15.000.000
		Samtals	<b>0</b>

### 11. Frístundaávisanir - 202206736

Á 1562. fundi bæjarráðs var samþykkt að hækka frístundaávisanir frá 1. ágúst 2023 þannig að frístundaávisun fyrir fyrsta og annað barn verði kr. 57.000 og kr. 65.500 fyrir þriðju börn eða fleiri. Þá verði frístundaávisun eldri borga kr. 11.000. Kostnaður vegna þessa er áætlaður nálægt 8 m.kr. og er talið að það muni rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins og að breytingin kalli ekki á gerð viðauka.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir áhrif viðaukans á rekstur, efnahag, sjóðstreymi og fjárfestingayfirlit.

*Virðingarfyllt,  
Pétur Jens Lockton*

#### Fylgiskjal:

1. Áhrif viðauka 1 á fjárhagsáætlun 2023.

